



Verkmenntaskólinn á Akureyri

Hringtigur 2 · 600 Akureyri

Sími 46 40 300 · Bréfssími 46 40 301 · vma@vma.is

Akureyri 2. maí 2012

Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Sölvhólsgötu 4,
150 Reykjavík
BT/ Stefán Baldursson/Margrét Harðardóttir

Efni: Viðbrögð við tillögum um aðgerðir til úrbóta samkvæmt niðurstöðum úttektar á starfsemi Verkmenntaskólans á Akureyri sem gerð var í nóvember 2012.

Í brefi Mennta- og menningarmálaráðuneytisins (MRN) dagsettu 5. mars 2012 er þess farið á leit við skólameistara VMA að upplýsingar, um það hvernig og hvenær verði brugðist við tillögum úttektaraðila, verði sendar ráðuneytinu. Hér verður gerð grein fyrir hvernig og hvenær brugðist verður við einstökum tillögum til úrbóta á starfi skólans. Úttektarsýrlan sjálf er birt á vef MRN og á heimasíðu VMA ásamt þessum tillögum til úrbóta. Á skólasamningsfundum næsta skólaárs munu aðilar ræða nánar um þessar tillögur um úrbætur og viðbrögð skólans við þeim. Tillögur að aðgerðum til úrbóta og áætlun skólans til að uppfylla þær eru settar fram í sömu röð og koma fram í úttektarskýrslunni.

1. Huga þarf betur að markvissri endurmenntun allra starfsmanna út frá þörfum skólans og einstakra starfsmanna.

Viðbrögð: Skólinn setur sér endurmenntunaráætlun fyrir hvert skólaár í senn. Í starfsmannaviðölum er farið yfir endurmenntun einstakra starfsmanna, gert mat og áætlun um endurmenntun til næstu tveggja ára. Þetta vinnulag er útfært í gæðahandbók skólans, VKL-206 og VKL-208. Á hverju skólaári skipuleggja stjórnendur sameiginlega fræðslu fyrir kennara og er þá hugað að efni sem hentar þvert á greinar. Jafnframt hefur skólinn staðið fyrir námskeiðum í samvinnu við kennara og fag-/brautarstjóra t.d. fyrir stærðfræðikennara (vor 2011), skyndihjálp (haust 2010), samfélagsgreinakennara (vor 2011), starfsbrautarkennara (haust 2011) og nú er í undirbúningi námskeið fyrir íslensku kennara vorið 2012. Á fræðslu- og starfsdögum kennara vorið 2011 voru ýmsir fyrilestrar fyrir kennara í boði, haustið 2011 var fyrirlestur fyrir alla kennara um jákvæðni í samskiptum og í mars 2012 var fyrirlestur um næringu. Fyrirhugað er að hafa fræðsludaga í lok vorannar 2012 þar sem upplýsingatækni, opinn hugbúnaður og kennsluforrit verða þemað. Þá hafa stjórnendur hvatt kennara til að fara í vettvangsnámi sem Endurmenntun HÍ hefur staðið fyrir í samvinnu við Samstarfsnefnd um endurmenntun kennara. Á þessu skólaári eru fjórir samfélagsgreinakennrarar í vettvangsnámi, fimm kennrarar á starfsbraut og fimm stjórnendur. Á síðasta skólaári voru m.a. kennrarar í viðskiptagreinum í vettvangsnámi. Haldið er utan um endurmenntun kennara og uppfylla nær allir kennrar skólans það viðmið að fara á eitt námskeið á ári.

Í endurmenntunaráætlun skólans er alltaf gert ráð fyrir því að kennrarar séu sjálfir virkir í endurmenntun og séu vakandi fyrir námskeiðum innan sinnar greinar eða kennslufræðinnar. Gert er ráð fyrir því að kennrarar nýti sér m.a. sumarnámskeið Endurmenntunar HÍ. Leiti starfsmenn til stjórnenda vegna námskeiða hefur alltaf verið tekið vel i að koma til móts við þá t.d. að fá leyfi frá störfum til að fara á námskeið hvort sem það eru stutt námskeið, vettvangsnám eða jafnvel einingabært nám t.d. í fjarnámi. Þá hafa kennrarar fengið tilhliðun í stundatöflum til að geta verið í námi/endurmenntun.